



Alþingi  
Erindi nr. P 139/177  
komudagur 29.11.2010

KPMG hf.  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang www.kpmg.is

Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 26. nóvember 2010.

**Efni:** Umfjöllun um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þskj. 217 – 200. mál.

Hér á eftir fara athugasemdir KPMG hf. við framangreint frumvarp sem snúa að fyrirhuguðum breytingum á auðlegðarskatti.

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að fríeignamark lækki úr 90 m.kr. í 75 m.kr. fyrir einstaklinga og úr 120 m.kr. í 100 m.kr. fyrir hjón eða samskattaða. Jafnframt hækkar skatthlutfall úr 1,25% í 1,5% af skattstofni.

Ljóst er að um verulega hækkun er að ræða á umræddum skatti og ætla má að mun fleiri einstaklingar greiði auðlegðarskatt en áður vegna lækkunar fríeignamarks.

Álagning auðlegðarskatts miðast við eignastöðu skattgreinenda og ekki er tekið tillit til tekna eða greiðslugetu þeirra. Sú staða getur hæglega komið upp hjá skattgreiðendum að ráðstöfunartekjur þeirra verði lægri en álagður auðlegðarskattur. Afleiðing þess er að þeir neyðast til að selja eignir til að standa skil á skattgreiðslum. Sambærilegir skattar voru aflagðir í Svíþjóð og Þýskalandi þar sem talið var að álagning þeirra kynni að stangast á við eignarréttarákvæði stjórnarskrár þar sem í þeim kynni að felast eignaupptaka.

Með vísan til framangreindra athugasemda er lagt til að álagning auðlegðarskatts taki mið af tekjum skattgreiðenda til að taka af öll tvímæli um að álagning hans geti ekki talist eignaupptaka. Í framkvæmd væri álagning auðlegðarskatts umfram tiltekið hlutfall af ráðstöfunartekjum felld niður.

Í lögum um tekjuskatt er ekki að finna heimild til að jafna ónýttum persónuafslætti á móti greiðslu auðlegðarskatts. Lagt er til að slík heimild verði sett í lög.

Virðingarfyllst,

KPMG hf.